



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 7. apríl 2004.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslu og stuðning við byggð í sveitum. 166. mál.

Leitað hefur verið eftir umsögn stofnunarinnar varðandi ofangreint mál. Ljóst er að miklar breytingar hafa verið í búvöruframleiðslu og í vinnuumhverfi landbúnaðar. Breytingar munu sýnilega halda áfram meðal annars vegna alþjóðasamninga. Því þurfa þessi mál sífellt að vera í endurskoðun. Jafnframt er brýnt að hlúð sé að nýjum möguleikum í atvinnumálum. Einnig er mikilvægt að atvinnumál séu í takt við samtímann, við séum fljót að tileinka okkur nýjungar og festum okkur ekki í fornum atvinnuháttum í áherslum í fjárveitingum og þróunarvinnu.

Þeir málaflokkar sem að Veiðimálastofnun sinnir hafa sem betur fer verið í sókn. Tekjur af veiðihlunnindum hafa vaxið á undanförunum áratugum og einna mest á síðustu árum. Þá hefur nýting á veiðihlunnindum í ám og vötnum vaxið og einnig hefur tekist að fá meiri arð af þeim með ýmsum aðgerðum. Miklir möguleikar eru enn til staðar til að sú þróun geti haldið áfram án þess að gengið sé á þá fiskstofna sem undir nýtingunni standa. Til þess þarf stöðuga þróunarvinnu og vöktunarrannsóknir. Örva má þessa þróun með auknu fjármagni í rannsóknir og í stuðning við uppbyggingu. Þá eru ýmsir möguleikar í fiskeldi og virðast möguleikar í auknu bleikjueldi vera til staðar, en samhliða þarf vinnu í markaðsmálum. Einnig eru möguleikar í ræktun kræklings með ströndum landsins.

Stjórnvöld þurfa stöðugt að vinna að þessum málum af festu og einurð og skiptir þar einnig miklu máli hvernig þeim málum er skipað innan stjórnkerfisins. Ekki verður tekin bein afstaða til þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir, aðrir standa henni nær, en tillagan sem slík er góð og sér í lagi sú umræða sem hún væntanlega skapar um þennan mikilvæga málaflokk.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson